

Fertugasti og fimmti fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn mánudaginn 8. apríl 2019 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 8:00.

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta

- a. Sigríður Rún Kristinsdóttir sækir um að starfsleyfi vegna eigandaskipta fyrir rekstri minna gistiheimilis að Minna Mosfelli í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til reglugerðar um hollustuhætti og með starfsleyfisskilyrðum fyrir minni gistiheimili.“
- b. Linda Björk Ragnarsdóttir f.h. Mosfellsbakarí ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir bakarí, verslun og kaffihús að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli og reglugerðar um hollustuhætti.“ Linda vék af fundi undir þessum málslið.

2. Umsagnir:

- a. **Umsagnir um gjaldskrár sveitarfélaga.**
Lögð fram gjaldskrá um hundahald á Seltjarnarnesi
„Heilbrigðisnefnd gerir engar athugasemdir við framlagða gjaldskrá“.
- b. **Umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Ævintýragarð í Mosfellsbæ**
 - Með tölvubréfi Mosfellsbæjar dagsett 26. mars 2019 er óskað umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins um deiliskipulagstillögu fyrir Ævintýragarð í Mosfellsbæ.
 - Lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir Ævintýragarð í Mosfellsbæ dagsett 6. maí 2018 unnin af Landmótun.

3. Fyrirhugaðar svifryksmælingar í Mosfellsbæ

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi.

- Lagt fram minnisblað Veðurvaktarinnar dagsett 5. apríl 2019.
- Lagt fram minnisblað Mannvits frá 2016.
- Lagt fram bréf Foreldrafélags Varmárskóla dagsett 7. apríl 2019.

„Heilbrigðisnefnd samþykkir að hefja mælingar við Brúarlandsskóla inn á leiksvæði barna.“

Bókun: „Fulltrúi Miðflokksins í Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fagnar því að áform eru uppi um að mæla loftgæði við húsnæði Brúarlands í Mosfellsbæ til að tryggja nákvæmar upplýsingar um loftgæði á svæðinu, rétt við Vesturlandsveg. Nauðsynlegt er að stjórnendur og starfsmenn skólans sem og foreldrar fái vitneskju um niðurstöðu mælinga þegar þær liggja fyrir og að loftræstibúnaður séu í fullkomnu lagi, með loftskiptum í öllum rýmum hússins og með tilsvarendi viðhaldi.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

4. Mosfellsbæjar

Fráveituáætlun Mosfellsbæjar unnin af Mannvit verkfræðistofu var lögð fram.

Fundi slitið kl. 9:12.